

Stjórnarfundur GHG 29. janúar 2014 kl. 17:15

Mættir voru: Alli, Palli, Auðunn, Sigrún, Ásta, Steini, Össur og Kristinn framkvæmdastjóri.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Stutt samantekt framkvæmdastjóra um verkefni í gangi.
 - Innheimta árgjalda stendur yfir.
 - Kristinn hefur haft samband við þá aðila, fyrirtæki og fleiri, sem samningar losnuðu við um sl. áramót.
 - Umræða um afslátt, hvort hann eigi rétt á sér með einhverjum hætti t.a.m. síðla sumars.
 - Einnig umræða um hvort í GHG eigi að bjóða upp á markvissara nýliðastarf. Þorsteinn stingur upp á að nýliðar fái afslátt af klúbbgjaldi í tvö ár og að þeir fái öfluga kennslu með því. Málinu vísað til Útbreiðslu- og skemmtinefndar.
3. Samantektir og starfsáætlanir nefnda.

Afreksnefnd – Auðunn, Ingibjörg og Gunnar Marel skipa hana. Þau hafa fundað einu sinni, eru m.a. að móta afreksstefnu, skipuleggja sveitakeppni og skipuleggja æfingar fullorðinna.

Vallarnefnd – Össur, Sveinbjörn og Morten skipa hana. Helstu hlutverk eru m.a. að hafa eftirlit með framkvæmdum á velli, eftirlit með umhirðu vallarins, skipuleggja þörf fyrir starfsmenn og fleira. Morten tekur saman fundi nefndar og kemur á stjórn og framkvæmdastjóra.

Mótanefnd – Mótanefnd er að vinna að skipulagi móta 2014. Á næstunni verður mótafyrirkomulag klúbbsins gefið út, innanfélagsmót ofl. Hugmyndum um breyttan tíma Meistaramótsins velt upp.

Kvennanefnd – Nýr meðlimur kynntur, Auðbjörg Jónsdóttir. Sigrún, Ásta, Helga og Rakel skipa nefndina einnig. Helstu markmið eru m.a. að auka útbreiðslu golfsins og fjölga kvenkylfingum í samstarfi við útbreiðslunefnd. Einnig að virkja konur í GHG til frekara félagsstarfs og frekari virkni í golfi. Kvennakvöldið verður 23. apríl.

Útbreiðslu- og skemmtinefnd – Ásta, Harpa, Gummi Erlings og Birgir skipa hana. Fullt af hugmyndum sem eru í vinnslu, m.a. kynning í mars á starfi GHG í Hamarshöllinni og einnig uppákomur í lok hverrar mótaráðar í sumar.

Barna- og unglinganefnd – Hana skipa auk Páls þau Sigurður Jónsson og Jóna Guðjónsdóttir. Nefndin hefur fundað einu sinni og sett niður drög að starfi nefndarinnar fyrir árið.

Forgjafar- og laganefnd – Alfreð fer fyrir þeirri nefnd. Sú nefnd hefur ekki fundað en stefnir að fyrsta fundi fljótlega. Eitt af markmiðum nefndarinnar er að gera reglur aðgengilegri en nú er. Einnig að endurskoða lög og reglur GHG.

Húsnefnd – Markmiðið er að yfirfara allar eignir GHG og meta þær. Stefnan er að gera langtíma viðhaldsáætlun.

Fjármálateymi – Hlutverk að líta eftir bókhaldi, aðstoð við milliuppgjör o.fl. Markmið að niðurstaða rekstrar verði ekki lakari en áætlanir gera ráð fyrir. Einnig að milliuppgjör verði framkvæmd 3-4 sinnum á starfsári. Vinna að nýjum samstarfssamning við Hveragerðisbæ og að taka upp samstarf við Sveitarfélagið Ölfus.

4. Auðunn minnir á að þess sé gætt að haldið verði utan um umræðuefni og fundarmál nefnda, helstu ákvarðanir, hvenær fundir fóru fram o.fl.
5. Hlynur Geir hjá GOS hafði samband með vinaklúbba samstarf og sameiginlegt mótahald. Hlynur stingur upp á að meðlimir GOS leiki eingöngu í Hveragerði með afslætti á virkum dögum. GHG tekur jákvætt í áframhaldandi samstarf. Mótasamstarf samþykkt, vinavallasamningur skoðaður og lagður fyrir næsta fund.
6. Kristinn stingur upp á að hann sendi stjórnarmeðlimum aðgang að dagbók varðandi bókunartíma skála. Samþykkt.
7. Næsti fundur 19. febrúar kl. 17:15.

Fundi slitið kl. 19:00